

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 57/2025

2025/EES/38/15

frá 14. mars 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2492 frá 23. september 2024 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 440/2008 að því er varðar prófunaraðferðir til að laga þær að tækni framförum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2555 frá 21. mars 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar hexabromósýklódódekan ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2570 frá 22. júlí 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar metoxýklór ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021):

„– **32024 R 2555:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2555 frá 21. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2555, 27.9.2024),

– **32024 R 2570:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2570 frá 22. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2570, 27.9.2024).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zza (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008):

„– **32024 R 2492:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2492 frá 23. september 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2492, 24.9.2024).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2024/2492 og framseldra reglugerða (ESB) 2024/2555 og (ESB) 2024/2570, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtið. ESB L, 2024/2492, 24.9.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2492/oj>

(²) Stjtið. ESB L, 2024/2555, 27.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/2555/oj

(³) Stjtið. ESB L, 2024/2570, 27.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/2570/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.